

Tíundi fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga b.s.

haldinn þriðjudaginn 11. febrúar 2014 kl. 8:15 í húsnæði
bæjarskrifstofu Árborgar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Drífa Kristjánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Þorsteinn Tryggvi Músson forstöðumaður á Héraðsskjalasafninu Árnesinga mætti einnig á fundinn. Drífa ritaði fundargerðina.

1. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins:

Þorsteinn hafði sent greinargerð um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins til framkvæmdastjórnarinnar þann 20. janúar 2014 þar sem farið var yfir vinnu Þorsteins við að skoða húsnæði sem gæti nýst vel sem framtíðarhúsnæði Héraðsskjalasafnsins. Umræða varð um málið. Húsnæðið er um 500 fermetrar. Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar samþykkir að óska eftir formlegum viðræðum við Íslandsbanka um möguleg kaup á húsnæðinu.

2. Heimasíða Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Þorsteinn vill gjarnan láta heimasíðuna komast í gagnid sem fyrst. Samþykkt var að biðja allar stofnanir um að senda ársreikninga og fundargerðir fjögur ár aftur í tímann (kjörtímabilið til ársins 2010) til Þorsteins svo hægt sé að koma gögnunum inná heimasíðuna. Ekki er ljóst hvað þetta mun kosta. Hýsingu eldri síðu hefur verið sagt upp. Þorsteinn telur að kostnaðurinn verði ekki mjög mikill. Best er að allt komi á pdf formi og Þorsteinn leggur til að greitt verði fyrir verkefnið skv. reikningi þ.e. í tímavinnu. Mikilvægt er að leggja áherslu á það við forstöðumenn stofnana að senda Þorsteini allt efni jafnóðum og það hefur verið samþykkt.

3. Ljósmyndasafn Ottós Eyfjörð.

Þorsteinn kynnti stöðu mála og umræða fór fram um safnið. Georg Ottósson (Flúðum) afhenti Héraðsskjalasafninu fyrir hönd fjölskyldu Ottós myndasafn Ottós Eyfjörð. Styrkur fékkst frá Menningarráðinu til myndasafnsins og Mjólkurbú Flóamanna afhenti einnig myndir og greiddi fyrir skráningu þeirra. Skráningu á safninu er ekki lokið um 2/3 eftir og var ræddur áhugi Ranárþings eysta á að koma að skráningu safnsins og fá afnot af því. Umræða fór fram um að Tómas lögreglumaður, Ragna og Ottó hafa verið atvinnuljósmyndarar Suðurlands á sínum tíma. Kostnaðargreining liggur fyrir á skráningu safnsins, koma því á stafrænt form og birta það á netinu. Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar samþykkir að fela Þorsteini Tryggva að gera Rangæingum tilboð um að koma að því að skrá safnið enda hafa þeir sýnt því áhuga að fá aðgang að myndunum.

4. Austurmýri.

Komið er kautilboð í húseignina Austurmýri 21 (arfinn frá Helga). Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar samþykkir að gefa formönnum fagráða safnanna og forstöðumönnum safnanna, Lýði Pálssyni og Þorsteini Tryggva Mássyni, fullt umboð til að selja húsið á verði sem var rætt á fundinum. Samþykkt var að ágóði af sölu hússins verði ekki nýttur í almennan rekstur safnanna. Þorsteinn vék af fundi að loknum þessum lið.

5. Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Ákveðið var að halda vorfundinn föstudaginn 11 . apríl 2014 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi klukkan 13:00 – 17:00. Að fundi loknum er gert ráð fyrir að Héraðsnefndin borði saman kvöldverð.

6. Bréf frá HSK

Formaður kynnti þakkarbréf frá HSK og ársskýrslu þeirra.

7. Önnur mál

Ásta Stefánsdóttir hefur rætt við formann Framkvæmdastjórnar Héraðsráðsins varðandi húseigninina í Hrísholti 8 en hún er í sameiginlegri eigu Héraðsnefndarinnar og Árborgar. Héraðsnefndin á 60% og Árborg 40%. Aldísi var falið að ræða við framkvæmdastjóra Árborgar um sölu Héraðsnefndarinnar á húsnæðinu til Árborgar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40

Ari B. Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir